HAFNARFJÖRÐUR

Arnar Skjaldarson

Brekkuás 11
221 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 19. maí 2017
*1702315 JOG*
*Málalykill 512*

Efni: Hamarsbraut 5,breyting á deiluskipulagi

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar dags. 16. maí sl. var eftirfarandi mál til umfjöllunar og afgreiðsla þess var:

Tekið fyrir að nýju. Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 07.02.2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóð við Hamarsbraut 5 (mál nr. 1701315) í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samhliða grenndarkynna tillögu skv. 2. mgr. 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu á lóð fyrir einbýlishús í lóð fyrir tvíbýlishús. Grenndarkynning og auglýsing fór fram 24.03.2017-05.05.2017. Athugasemdir bárust með bréfi Lex lögmannsstofu dags. 05.05.2017.

Skipulags- og byggingarráð telur ekki er unnt að samþykkja tillögu að breyttu deiliskipulagi með vísan til framkominna athugasemda.

Þetta tilkynnist hér með.
Virðingarfyllst,

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagsþjónusta

Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Skrifstofustjóri

*Heimilt er að óska eftir ítarlegri rökstuðningi fyrir ákvörðun þessari og skal slíka beiðni berast innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin.*

*Einnig er athygli vakin á því að heimilt er að kæra ákvörðun þessa til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.*